

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Vesturborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum.....	5
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra xxxdeildar um starfið á síðasta ári.....	6
3 Ytra mat	15
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	16
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	19
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
7 Foreldrasamvinna	23
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>).....	23
9 Skipulagsdagar.....	24
10 Fylgigögn.....	26
10.1 Matsgögn.....	26
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	27

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: Vinátta og virðing

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Ég las yfir greinargerðina frá því veturinn 2017-2018 og var landslagið mjög gott og jákvætt. Síðan kom haustið og ekkert gekk upp. Við tókum inn börnin sem voru búin að fá inngöngu haustið 2017 – 2018 en ekkert gekk að ráða inn starfsfólk og erfiðir tímar fóru í hönd. Við byrjuðum á að skerða viðveruna, opnuðum 7:45-16:30 foreldrum til lítillar gleði sem er skiljanlegt en 1. janúar 2018 lengdum við vistunina aftur til kl: 17:00. Einnig þurftum við að biðja foreldra að sækja fyrir en það voru 4 dagar um haustið. Við sendum börn heim 5 daga en við reyndum alltaf að sameina deildir og dreifa starfsfólkinu sem var í húsi. Við gerðum okkar besta og héldum starfinu gangandi þrátt fyrir mikla manneklu. Starfsfólkið var orðið mjög þreytt um áramótin þegar loksins gekk að fullmanna leikskólann. Í ár verða því ekki tekin inn börn í von um að við fáum starfsfólk, heldur verða börnin tekin inn þegar við höfum fengið starfsfólkið í hús.

Í október tókum við til í innviðum skólans, skiptum út húsgögnum á kaffistofu starfsfólks og höfum jafnframt gert eitt og annað til að gleðja starfsfólkið á þessum erfiðu tímum. Við héldum námskeið í leikskólanum á starfsdögum fyrir allt starfsfólkið, eitt námskeið fyrir áramót og eitt eftir áramót.


Það hafa verið nokkrar breytingar á starfsmannahópnum í vetur og verða einnig í haust. Það var einnig talsvert um langtíma veikindi yfir árið og litaði það starfið líka.

Við höldum ótrauð áfram að auglýsa eftir góðu starfsfólki og verðum bjartsýn á komandi vetur.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skalmatsáætlun/umbótaráætlun og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári

Innra mat Norðurbæjar

- Starfið á Norðurbæ gekk nokkuð vel þrátt fyrir mikla manneklu á leikskólanum. Við fylltum ekki deildina og vorum með 16-18 börn á starfsárinu. Það munaði miklu að fylla ekki deildina og finnst okkur hópastarfið hafa gengið mun betur með færri börnum. Okkur fannst við líka sjá mun á börnunum, þeim líður betur þegar færri börn eru á deildinni og unnið er í litlum hópum. Við unnum markvisst í skipulaginu á árinu og hjálpaði námskeið Elísu Guðnadóttur okkur mikið í þeirri vinnu.
- Á starfsdegi 16.febrúar voru **Lubbastundirnar** metnar af öllu starfsfólki. Það var farið yfir virkni hvernar deildar og hvað hægt væri að gera í framhaldi. Sérkennslustjóri hélt einnig fyrirlestur um hvernig hægt væri að nýta efniviðinn sem við eigum í Lubbastundirnar. Helstu niðurstöður voru aðhjá okkur var ekki mikil virkni fyrir áramót. Við hlustuðum á lögin og sungum en ekki markvisst. Vegna þess hve aðlögun tekur oft langan tíma á haustin gæti verið gott að byrja á markvissum Lubbastundum í janúar. Við byrjuðum strax eftir starfsdaginn í febrúar á að hengja fyrstu vísuna upp og nota Lubbakassana með (með hlutum tengda stafnum) og hefur gengið mjög vel og börnin áhugasöm. Við ætlum að halda þessari vinnu áfram því áhugi barnanna er mikill.
- **Lestarátakið** í október gekk vel og voru hengdar upp lestir þar sem skráð var hvaða bók var lesin, hver höfundurinn var og hversu margar blaðsíður bókin sem lesin var. Foreldrar fengu lestarmiða með heim og var góð þátttaka. Það náðist ekki að senda rafræna könnun til foreldra til að meta átakið. Við ætlum aftur að hafa lestrarátak í október en stefnum ekki á að meta það neitt sérstaklega.
- **Sameiginlegu þemaverkefni** gengu flestmjög vel. Unnið var með hvert þema í heilan mánuð. Þemaverkefni voru um vatnið, ljós og skugga og málað á bleyjunni/brókinni. Seinasta þemaverkefnið, pappírserkefnið, gekk ekki að framkvæma vegna þess að við undirbjuggum það ekki nægilega vel. Niðurstaðan eftir veturinn er sú að við ætlum að hætta að vinna sameiginlegu þemaverkefni og færa þau frekar inn í flæði á föstudögum eða inn í frjálsan leik og þá sé t.d. í boði skuggaherbergi þar sem verið er að leika með ljós og skugga fyrir þá sem vilja. Við á Norðurbæ ætlum samt sem áður að hafa þemaverkefni á deildinni sem unnin verða í gegnum könnunarleikinn.



- **Tilfinningaverkefnið** með Carolínu (sem er listmeðferðarfræðingur) gekk mjög vel á Norðurbæ og voru börnin mjög áhugasöm í öllum tímum. Það voru 4 hópar og hver hópur fór einu sinni í mánuði. Á Norðurbæ snérist verkefnið mikið um upplifanir og hvernig



tilfinning tengdist þessum upplifunum. Það var unnið með skynfærin (eitt á mánuði): að horfa, að heyra, að snerta/finna, að lykta og að smakka. Þegar t.d. var unnið með „að lykta“ fundu börnin lykt af mismunandi kryddum og tengdu lyktina mynd af tilfinningu, bentu á broskall eða fýlukall til að lýsa því hvernig þeim fannst lyktin. Það voru einnig lesnar bækur um tilfinningar, rætt um þær og farið í leiki með tilfinningar. Út frá þessu varð til tilfinningakassi sem er reglulega notaður í samverustundum. Í

upphafi verkefnisins var sendur út spurningarlisti bæði til starfsfólks og foreldra til að meta þörf og áhuga á að vinna með tilfinningar. Það kom í ljós að það var mikill áhugi bæði hjá foreldrum og kennurum. Þegar verkefnið var búið nú í vor var svo aftur sendur út spurningalisti til foreldra og starfsfólks til þess að kanna hversu ánægt fólk væri með verkefnið. Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar og foreldrar og starfsfólk ánægt og vill halda áfram að vinna með tilfinningarnar. Stefnt er á að halda áfram með tilfinningaverkefnið á Norðurbæ.

- Gerð **einstaklingsnámskráa** gekk vel á Norðurbæ en þær voru ekki tilbúnar fyrr en í janúar vegna manneklu. Það gekk vel að vinna eftir þeim og var farið yfir árangurinn í foreldraviðtali að vori. Allar deildir ætla að samræma einstaklingsnámskrárnar í vetur og vinnuna með þær.
- Að setja upp **myndrænt skipulag**, **myndrænt dagatal** og að **poppa afmælisdaginn upp** gekk vel. Myndrænt skipulag og að poppa afmælisdaginn upp var gert strax í haust en myndræna dagatalið settum við ekki upp fyrr en nú í vor vegna þess að það tók tíma að ákveða hvernig við vildum hafa það. Niðurstaðan varð sú að keyptar voru stórar segultöflur og bjuggum við til dagatal úr þeim með límbandi.
- **Fjölmenningarvikan** gekk vonum framar. Foreldrar tóku virkan þátt og voru mjög dugleg að koma með efnivið til þess að skoða með börnunum og hlusta á. Þar sem það var lestarátak á sama tíma var mikið komið með af bókum á ýmsum tungumálum. Öll þau börn sem hafa annað móðurmál en íslensku á deildinni komu með efnivið á sínu móðurmáli. Fjölmenningarvikan endaði á balli í salnum þar sem allir komu í litríkum fötum og með

uppáhalds bangsann sinn því það var Alþjóðlegi bangsadagurinn. Fjölmeningarvikan var ekki metin eins og til stóð á starfsdegi 1. desember.

- Að móta vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku, að búa til efnivið fyrir stundir um **vináttu og virðingugekk** ekki eftir í vetur vegna manneklu. Það átti að móta stefnu í vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku á starfsdegi í október en urðum við að hætta við það vegna þess að deildir þurftu deildarfundi og vinna ýmislegt sem ekki hafði verið hægt að vinna vegna manneklunnar. Af sömu ástæðu vannst ekki tími til að búa til efnivið fyrir vináttustundirnar.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að uppfylla viðmið um gæðastarf: Matslisti um nám og velferð barna í heftinu Viðmið og vísbending ar	Að auka lýðræði. Að vinna eftir hugmyndum barnanna. Að líta á börnin sem getumikla einstaklinga. Skrá nám barnanna á skipulagðan hátt. Að virkja starfsfólk og dreifa ábyrgð.	Einstaklings- námskrár gerðar fyrir öll börn með aðstoð foreldra. Útbúa hópa- möppur fyrir hópstjóra sem nýttar eru sem skráninga- bækur um framfarir barna og leið til að halda utan um nám þeirra.	Hefst í haust og í stöðugri þróun allt árið.	Stjórnendur ábyrgir og allt starfsfólk framkvæmir.	Fara yfir matslistann í heftinu <i>Viðmið og vísbend- ingartvisvar</i> yfir skólaárið. 3. janúar og 20 maí. Allir starfsmenn svara.	Að öllum þáttum sé svarað með mjög gott eða gott verklag.
Könnunar- leikurinn	Að hver hópur fari í könnunar- leikinn einu sinni í viku en	Könnunar- leikurinn kynntur fyrir starfsmönnum	Byrjað þegar aðlögun hefur	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Farið yfir möppur sem fylgja hverjum hóp	Viðmiðið er að hver hópur hafi a.m.k. farið í könnunarleikinn í

	ekki einu sinni í mánuði eins og í fyrra.	á deildarfundum um haustið og stundirnar settar inn í skipulag deildar.	verið lokið og er alveg fram í maí.		og farið yfir hvort það hafi gengið að hafa könnunar-leikinn einu sinni í viku.	20 skipti yfir starfsárið. Skráningar taldar.
Eldri börn á Norður-bæ í flæði matartíma.	Markmiðið er að börnin séu virkir þátttakendur í matartímum og að efla þau í sjálfshjálpi og gefa þeim trú á eigin getu. Markmiðið með þessu er einnig að auka rými fyrir leik inn á deildum með því að fækka borðum þar og færa þau í salinn.	Þau sjá sjálf um að skammta sér og smyrja en starfsfólk aðstoðar ef þarf. Ekki er gerð krafa á að þau smakki allt en þau hvött til þess. Að þau velji sér sæti með jafningjum sínum, kennari nálægur eða með á borði. Þau fara þegar þau eru búin að borða á deildina sína en ganga frá eftir sig áður en þau fara.	Við stefnum á að byrja með báðaeltri hópana strax eftir sumarfrí.	Deildarstjórar og aðstoðar-leikskólastjóri eru ábyrgir. Starfsfólk allra deilda framkvæmir.	Börnin meta matarflæðið í lok nóvember. Notast verður við spurningar og myndir sýndar. Allt starfsfólk metur breytinguna á starfsdegi 3.jan. með umræðum. Það verður farið yfir hvað gengur vel/betur og hvað má bæta.	Að flestir ef ekki allir séu ánægðir með breytingarnar.

Innra mat Miðbæjar

- Á Miðbæ var haustið mjög erfitt. Við tókum inn 18 ný börn og nýtt starfsfólk bæði um haustið og áramótin. Haustið fór að miklu leyti í aðlögun barna og starfsfólks en náðum samt að halda skipulaginu. Það var líka mikið rót á starfsfólki vegna veikinda og leyfis allt árið.
- Á starfsdegi 16.febrúar voru **Lubbastundirnar** metnar af öllu starfsfólki. Sérkennslustjóri hélt einnig fyrirlestur um hvernig hægt væri að nýta efniviðinn sem við eigum í Lubbastundirnar. Það hefur verið markviss vinna á Miðbæ og eru Lubbastundirnar enn 4 sinnum í viku. Fyrir áramót var ekki notuð nein Lubbasmiðja né Lubbakassi því þeir eru ekki allir tilbúnir. Bókin var

notuð, vísan á veggnum og lögin sungin. Framhaldið er að gera Lubbastundinar fjölbreyttari og nýta smíðjurnar og kassana og erum við smátt og smátt að safna í þá og verða kassarnir vonandi allir tilbúnir þegar byrjað verður næsta haust. Við erum einnig að skoða hvernig hægt sé að breyta skipulaginu þar sem hver deild hefur þurft að líma upp hvert orð á spjöldin og hefur það tekið langan tíma að taka þau niður og setja aðra vísu upp. Þessi útfærsla á spjöldunum hefur auk þess ekki nýst nægilega vel þar sem það er lítið verið að leika sér með að taka ákveðin orð af og spá í hvernig tiltekin lína hljómar án þess orðs. Niðurstaðan verður líklega sú að við látum prenta allar vísurnar á stór spjöld.

- **Lestrarátakið** í október gekk vel og voru hengdar upp lestir þar sem skráð var hvaða bók var lesin, hver höfundurinn var og hversu margar blaðsíður bókin sem lesin var. Foreldrar fengu lestarmiða með heim og var mjög góð þátttaka. Það náðist ekki að senda rafræna könnun til foreldra til að meta átakið. Við á Miðbæ ætlum að halda lestraráttakinu áfram.
- **Sameiginlegu þemaverkefnið** gengu vel fyrir utan pappírsverkefnið. Unnið var með hvert þema í heilan mánuð. Þemaverkefnið voru um vatnið, ljós og skuggar og málað á



bleyjunni/brókinni. Pappírsverkefnið gekk ekki að framkvæma vegna þess að við undirbjuggum það ekki nægilega vel. Verkefnið voru metin af börnunum og voru þau mjög ánægð með þau (matsblað í fylgiskjöllum). Niðurstaðan eftir veturinn er sú að við ætlum að hætta að vinna sameiginlegu þemaverkefnið þrátt

fyrir að börnin hafi verið mjög ánægð með þau og færa þau frekar inn í flæði á föstudögum eða inn í frjálсан leik og þá sé t.d. í boði skuggaherbergi þar sem verið er að leika með ljós og skugga fyrir þá sem vilja. Við æltum að einbeita okkur frekar að því að vinna með áhuga barnanna í vetur með því að nota könnunaraðferðina.

- **Tilfinningaverkefnið** með Carolinu (sem er listmeðferðarfræðingur) gekk mjög vel á Miðbæ. Kynntar voru mismunandi tilfinningar og svo búnar til tilfinningamanneskjur úr ýmsum efnivið. Það voru málaðir skókassar sem urðu hús fyrir tilfinningamanneskjurnar. Tilfinningarnar eru eins og fjársjóður og þess vegna voru kassarnir gerðir eins og fjársjóðskistur með mikið af glimmeri á. Í upphafi verkefnisins var sendur út spurningarlisti bæði til starfsfólks og foreldra til að meta þörf og áhuga á að vinna með tilfinningar. Það kom í ljós að það var mikill áhugi bæði hjá foreldrum og kennurum. Þegar verkefnið var búið nú í vor var svo aftur sendur út spurningalisti til foreldra og starfsfólks til þess að kanna hversu

ánægt fólk væri með verkefnið. Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar og foreldrar og starfsfólk ánægt og vill halda áfram að vinna með tilfinningarnar.

- **Myndrænt dagatalí** fataklefann og að **poppa upp afmælisdaginn** var gert og var farið yfir það á starfsdegi í október. Afmælisdagurinn var poppaður upp strax eftir starfsdaginn með skrauti á stólinn o.fl. en við ætlum aðeins að bæta við næsta vetur. Myndræna dagatalið var ekki sett upp fyrr en nú í vor. Við vorum lengi að ákveða útfærslu á þessu myndræna dagatali því við vildum ekki eyða mikilli vinnu í það í hverjum mánuði og heldur ekki sóa miklum pappír. Niðurstaðan varð sú að allar deildir fengu stóra segultöflu og límbönd notuð til búa til dagatal úr henni.
- **Fjölmennningarvikan** tókst mjög vel. Allt starfsfólk var mjög virkt en foreldrar voru lítið að koma með frá sínu heimalandi. Börnin voru mjög áhugasöm en verkefnin sem við ætluðum upphaflega að gera voru nokkuð erfið svo við þurftum að einfalda þau fyrir börnin. Við hengdum upp fána á hólfi allra barna og góðan daginn á þeim tungumálum sem eru töluð á leikskólanum. Börnin voru mikið í að búa sjálf til fána og fræddust um lönd barnanna. Enduðum á föstudeginum á fjölmenningsballi þar sem allskonar tónlist var spiluð og allir í litríkum fötum. Starfsfólk af erlendum uppruna var mjög duglegt að kynna sitt land. Fjölmennningarvikan var ekki metin á starfsdegi 1. desember.
- Að **móta vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku**, að búa til efnivið fyrir stundir um **vináttu og virðingu** og að búa til **einstaklingsnámskrár** fyrir öll börn gekk ekki eftir í vetur vegna manneklu. Það átti að vinna með starfið með börnum með annað móðurmál en íslensku á starfsdegi í október en urðum við að hætta við það vegna þess að deildir þurftu deildarfundi og vinna ýmislegt sem ekki hafði verið hægt að vinna vegna manneklunnar. Af sömu ástæðu vannst ekki tími til að búa til efnivið fyrir vináttustundirnar. Haustið á Miðbæ var sérstaklega erfitt og mikið af nýju fólki og fór því tíminn í að aðlagast starfsfólk.
- Þetta starfsár eru umbótaþættir sömu á Miðbæ og Suðurbæ svo taflan er fyrir neðan Suðurbæjarkafann.

Innra mat Suðurbæjar

- Á Suðurbæ var mikið álag fyrir áramót vegna manneklu og langavarandi veikinda starfsfólks. Starfinu var haldið á floti en starfsfólk fann fyrir gríðarlegu álagi. Eftir áramót byrjaði nýr deildastjóri á deildinni. Eins var loks full mannað og það skapaðist mikill stöðugleiki á starfsumhverfi og skipulagi, þar hjálpaði mikið að nýja starfsfólkið hafði reynslu.

- **Lubbastundirnar** hafa gengið vel á Suðurbæ. Þær voru metnar af öllu starfsfólki á starfsdegi og sérkennslustjóri hélt fyrirlestur um það hvernig má vinna frekar með hann. Lögin og stafir voru tekin fyrir í samverustundum fyrir áramót og í ávaxtastundum eftir áramót. Suðurbær ætlar að nota lubba á fjölbreyttari máta á næsta starfsári. Fara í lubba spilið og leika sér að ríma með orð úr vísu o.þ.h. Samvinna milli mið- og eldri deilda var gott en það lenti svolítið á Suðurbæ að taka af spjöldum frá miðbæ og setja upp nýhjál sér. Því stefnum við á að prenta hverja vísu á spjald svo ekki þurfi að setja upp vísurnar eins og gert hefur verið. Við höfum gert það þannig að hvert orð er plastað og sett upp á spjald með kennaratyggjó en það tekur langan tíma. Þegar við prentum vísurnar á spjöld getum við þá nýttplöstuðu orðin úr vísunum í ýmsa leiki.
- **Sameiginlegu þema verkefni** gengu vel fyrir áramót þrátt fyrir manneklu. Eftir áramót var þemaverkefni gert í janúar en mánuðina þar á eftir tók Barnamenningarhátíðin yfir. Niðurstaðan eftir veturinn er sú að við ætlum að hætta að vinna sameiginlegu þemaverkefni og færa þau frekar inn í flæði á föstudögum eða inn í frjálsan leik og þá sé t.d. í boði skuggaherbergi þar sem verið er að leika með ljós og skugga fyrir þá sem vilja. Þemaverkefni voru ekki metin á Suðurbæ.
- **Fjölmenningarvikan** var gríðarlega skemmtileg. Börnin gerðu hugarkort og föndruðum plaköt um þau lönd sem þau vildu kynna sér betur. Þau fengu að koma með muni, bækur og tónlist frá sínu heimalandi eða landi sem þau höfðu heimsótt. Hlutirnir voru svo til sýnis, skoðaðir og ræddir í samverustundum. Við merktum fána barnanna á hólfin þeirra og ræddum mikið um uppruna, ættir og ferðalög barna og starfsmanna.
- **Tilfinningaverkefnið** gekk gríðarlega vel og voru börnin mjög áhugasöm. Suðurbær bjó til tilfinningabækur um sína reynslu af sorg, reiði, gleði og kvíða, lásu bækur tengdar tilfinningunum, bjuggu til töskur undir tilfinningabréfum sem þau föndruðu einnig sjálf. Börnin fengu að spreyta sig á að búa til brúðuleikhús með tilfinningabréfunum sínum. Tilfinningaverkefnið gekk vonum framár og bæði foreldrar og börn ánægð með það. Í upphafi verkefnisins var sendur út spurningarlisti bæði til starfsfólks og foreldra til að meta þörf og áhuga á að vinna með tilfinningar. Það kom í ljós að það var mikill áhugi bæði hjá foreldrum og kennurum. Þegar verkefnið var búið nú í vor var svo aftur sendur út spurningalisti til foreldra og starfsfólks til þess að kanna hversu ánægt fólk væri með verkefnið. Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar og foreldrar og starfsfólk ánægt og vill halda áfram að vinna með tilfinningarnar. Suðurbær mun halda áfram að leggja mikla áherslu á að þekkja og ræða tilfinningar sínar. Það verður gert í samveru og tvinnuð inn í hópastarf.

- Í **lestrarátakinu** í október fengu foreldrar aðgang að „lestarmiðum“. Börn og foreldrar fylltu útupplýsingar um hverja bók sem var lesin heima við. Einnig var lestrarátak inn á deild. Börnin fylltust áhuga og spenningi á að fá að myndskreyta lestarnar og sjá hversu löng hún gat orðið. Árið 2018-2019 hefðum við áhuga á að lengja lestrarátakið og hafa það allt námsárið á Suðurbæ, breyta lestinni í orm eða lirfu þar sem börnin hefðu sjálf tækifæri til að teikna og klippa hringi og fylgjast með orminum lengjast.



- **Myndrænt dagskipulag** var sett á valtöflu eftir áramót og reyndist ágætlega. Það mætti skýra það aðeins og fjölga myndum. Stórt myndrænt dagatal fyrir hvern mánuð var sett upp í fataklefa fyrir apríl mánuð og alla mánuði þar á eftir. Nú í vor var sett upp stór segultafla í fataklefa sem verður notuð sem myndrænt dagatal og fyrir skilaboð.
- Að **móta vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku**, að búa til efnivið fyrir stundir um **vináttu og virðingu** og að búa til **einstaklingsnámskrár** fyrir öll börn gekk ekki eftir í vetur vegna manneklu og breytinga. Það átti að vinna með starfið með börnum með annað móðurmál en íslensku á starfsdegi í október en urðum við að hætta við það vegna þess að deildir þurftu deildarfundi og vinna ýmislegt sem ekki hafði verið hægt að vinna vegna manneklunnar. Af sömu ástæðu vannst ekki tími til að búa til efnivið fyrir vináttustundirnar.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að uppfylla viðmið um gæðastarf: Matslisti um nám og velferð barna í heftinu	Að auka lýðræði. Að vinna eftir hugmyndum barnanna. Að líta á börnin sem getumikla	Einstaklings- námskrár gerðar fyrir öll börn með aðstoð foreldra og börnin setja sér jafnframt markmið sem	Hefst í haust og í stöðugri þróun allt árið.	Stjórnendur ábyrgir og allt starfsfólk framkvæmir.	Fara yfir matslistann í <i>Viðmið og vísbend- ingar</i> tvisvar yfir skólaárið. 3.janúar og 20 maí.	Að öllum þáttum sé svarað með mjög gott eða gott verklag.

Viðmið og vísbendingar.	einstaklinga. Skrá nám barnanna á skipulagðan hátt. Að virkja starfsfólk og dreifa ábyrgð.	skráð er inn í einstaklingsnámskrá. Útbúa hópa-möppur fyrir hópstjóra sem nýttar eru sem skráningabækur um framfarir barna og leið til að halda utan um nám þeirra. Könnunar-aðferðin notuð til að vinna eftir áhuga barnanna. Börnin búa sjálf til jólagjöf fyrir foreldra eftir sínum eigin hugmyndum.			Allir starfsmenn svara.	
Flæði matar-tímar í sal.	Markmiðið er að börnin séu virkir þátttakendur í matartímum og að efla þau í sjálfshjálpi og gefa þeim trú á eigin getu.	Þau sjá sjálf um að skammta sér og smyrja. Ekki er gerð krafa á að þau smakki allt en þau hvött til þess. Að þau velji sér sæti og séu á borði án kennara með jafningjum sínum. Þau fara þegar þau eru búin að	Elsta deildin byrjar í sumar en miðdeild ætlar að aðlaga börnin í tveimur áföngum í haust.	Stjórnendur eru ábyrgir. Starfsfólk allra deilda framkvæmir.	Börnin meta matarflæðið í lok nóvember með aðstoð opinna spurninga og mynda sem sýna breytingar fyrir og eftir. Allt starfsfólk metur breytinguna á starfsdegi 3.jan. með	Að flestir ef ekki allir séu ánægðir með breytingarnar.

		borða á deildina sína en ganga frá eftir sig áður en þau fara. Kennari er nálægur ef á þarf að halda.			umræðum. Það verður farið yfir hvað gengur vel/betur og hvað má bæta.	
--	--	---	--	--	---	--

3 Ytra matog aðrar áherslur

- Reykjavíkurborg lagði fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar í mars og apríl 2018. Könnunin er samstarfsverkefni mannauðsdeildar og allra sviða borgarinnar.
- Tilgangurinn er einkum að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar til að bæta árangur í starfsmannamálum og gera Reykjavíkurborg að enn betri vinnustað.
- Niðurstöður könnunarinnar er að við komum yfirhöfuð vel út en erum samt að lækka örlítið frá fyrri könnun.
- Þar sem kom fram að einn hafi orðið fyrir áreiti frá samstarfsfólki og þrír höfðu orðið vitni af fordómum var farið í umræður á starfsmannafundi í maí. Rætt var um jákvæð samskipti og leiðir sem hægt er að fara til þess að leysa úr svona málum t.d. hvatt til að tala við trúnaðarmann. Ekki verður meira gert úr þessu að sinni þar sem enginn hefur óskað eftir því.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Jákvæð samskipti	Að hvetja til jákvæðra samskipta	Rætt um góð og jákvæð samskipti á fyrsta starfsdegi.	Framkvæmt 27.september.	Leikskólastjóri	Metið 3.jan. með netkönnun fyrir allt starfsfólk þar sem samskipti eru metin.	Að netkönnun sýni að starfsandi sé góður og samskipti góð.

Græn skref Reykjavíkur-borgar (ekki áherslu-þátturút frá ytra mati)	Að ljúka við fyrsta skrefið.	Kaupa hjólagrind og fara yfir gátlistann í fyrsta skrefinu.	Framkvæma/fara yfir skrefin 27. sep t. á starfsdegi.	Leikskólastjóri og aðstoðar-leikskólastjóri bera ábyrgð. Allir framkvæma.	Stjórnendur fara yfir skrefin 3. jan. Fyrsta skrefi á að vera lokið.	Markmiði telst náð þegar við höfum lokið við skref 1.
---	------------------------------	---	--	---	--	---

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

- Haustið var mjög erfitt hjá okkur á Vesturborg þar sem við lentum í því eins og fleiri leikskólar að taka inn börn án þess að vera búin að fá starfsfólk. Það hefur alltaf gengið að fá starfsfólk en oft þarf að brúa 1-3 erfiðar vikur en í haust sótti bara enginn um. Sérkennslustjórinn var talsvert í afleysingum fyrir áramót en sérkennarihélst í sínu að mestu leyti.
- Eitt barn í fyrsta flokki var með 8 tíma í stuðning þetta árið. Tvö börn voru með stuðning í öðrum flokki en ekki á sama tíma. Það voru sérkennslustjóri og sérkennari sem sáu um stuðninginn. Í ár vorum við einnig með 4 börn í talþjálfun hjá Tröppu og hefur sérkennslustjórasið um það.
- Við notum TRAS málþroskaskráningu sem er gerð tvisvar á ári fyrir hvert barn 2-5 ára og HLJÓM-2 er tekið á elstu börnunum í október. Við notum einnig íslenska þroskalistann, Smábarnalistann, EFI-2, Málhljóðamælirinn og AEPS listann til þess að fylgjast með og meta ef þörf þykir.
- Á yngstu deildinni er fyrsta inngripið einstaklingslestur á hverjum degi og ef okkur finnst barnið ekki sýna framfarir förum við að skoða málið betur og hittum foreldra á fundi eða deildarstjóri ræðir við foreldra og við könnum stöðuna betur og gerum svo áætlun út frá því. Á miðdeildinni var notað mikið myndrænt efni til að koma til móts við börnin sem áttu í erfiðleikum í samverustundunum t.d. vegna skilningsþví það vantaði starfsfólk fyrir áramót. Eftir áramót gekk vel að koma inn markvissum málörvunarstundum á miðdeildina og var mikið verið að vinna eftir leiðbeiningum frá Tröppu (efni nýtt fyrir fleiri en þá sem voru í Tröppu). Alls voru 6 börn í málörvun þar.
- Samtals voru tvö börn á elstu deildinni sem voru í sérstökum málörvunarstundum í vetur sem voru þó nokkuð gloppóttar. Deildarstjóri setti málörvun inn í hópastarfið einu sinni í viku þar sem var mikið verið að vinna með SuperDuper spilastokkana og ýmis málörvunarspil. Við erum í góðu samstarfi við Tröppu og höfum getað verið með fjögur börn hjá þeim í ár. Skipulag tímans hjá Tröppu er þannig að hvert barn fer í 5-8 tíma og svo fáum við ráðgjöf um

hvernig gott er að vinna með barnið þar til það fer í næstu lotu hjá Tröppu. 5 börn hafa auk þess fengið orðaforðabækur sem fara á milli heimils og skóla og/eða Ljáðu mér orð í vetur.

- Gerð einstaklingsnámskráa hefur verið í höndum sérkennslustjóra ásamt sérkennara og vorum við að vinna eftir markmiðum með tilteknum leiðum með ýmsum börnum. Það hefði mátt samræma gerð einstaklingsnámskráa og ætlum við að gera nokkrar endurbætur þar t.d. hvernig þær eru notaðar í starfi utan sérkennslutíma til þess að stuðla að því að við séum öll að vinna að sömu markmiðum bæði sérkennsla og deild.
- Samstarf við foreldra finnst okkur almennt hafa verið gott. Við vorum á markvissum teymisfundum vegna 5 barna í vetur, eitt þeirra flutti samt í burtu í september. Við fengum auk þess Magdalenu brúarsmið til þess að koma og gefa okkur og foreldrum ráðgjöf í sambandi við pólsku börnin okkar. Samstarfið við þjónustumiðstöðina hefur gengið vel.
